

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar**

#### **I.**

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er forstjóri Landsvirkjunar, en lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 var breytt með lögum nr. 87/2009, þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör forstjóra. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör forstjóra Landsvirkjunar og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í fyrrnefndum úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

#### **II.**

Kjararáð skrifaði þáverandi forstjóra og stjórn Landsvirkjunar bréf 22. september 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað 26. október 2009 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið. Nýráðnum forstjóra var skrifað 2. nóvember 2009 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir upplýsingum.

Formaður stjórnar svaraði með bréfi dagsettu 19. október 2009. Bréfinu fylgdi greinargerð stjórnar og ráðningarsamningur við forstjórnann. Greinargerðin var merkt trúnaðarmál. Formaður kjararáðs hafði samband við yfirmann lögfræðimála hjá Landsvirkjun og óskaði þess að gagnvart kjararáði yrði trúnaði aflétt. Yfirmaður lögfræðimála svaraði með tölvubréfi og skýrði frá því, að formaður stjórnar sem undirritaði greinargerðina hefði hafnað því, að trúnaði yrði aflétt. Kjararáð hefur því endursent greinargerðina. Litið er svo á, að Landsvirkjun hafi hafnað þeim möguleika sem fyrirtækið hefur til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006.

Ráðningarsamningur við nýráðinn forstjóra var undirritaður 13. ágúst 2009, eða tveimur dögum eftir að lög nr. 87/2009 voru samþykkt á Alþingi, en þau tóku gildi 18. ágúst 2009. Í samningnum segir meðal annars að verði launaákvörðun forstjóra falin öðrum en stjórn fyrirtækisins muni stjórnin leita allra leiða til þess að viðhalda þeim starfskjörum forstjóra sem fram komi í samningnum. Fram kemur að forstjóri beri ábyrgð á að samin sé fjárhagsáætlun fyrir Landsvirkjun, hann sér um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti. Forstjóri ræður starfsmenn, hann skal þó hafa samráð við stjórnarformann um ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra og uppsögn yfirmanns lögfræðimála. Hann skal afla staðfestingar stjórnar við tillögu um skrifstofustjóra og staðgengil forstjóra. Hann vinnur með stjórn að mótun meginstefnu fyrirtækisins og hefur í störfum sínum náði samráð við stjórnarformann, undirbýr stjórnarfundir og gefur stjórninni reglulega skýrslur og upplýsingar. Hann skal tryggja nauðsynlegt samráð í rekstri og við framkvæmdir.

Í samningnum er fjallað um mánaðarlaun og segir að önnur laun greiðist ekki sérstaklega. Til viðbótar lífeyrissjóðsiðgjaldi samkvæmt gildandi reglum þess lífeyrissjóðs sem forstjóri vísar til greiði Landsvirkjun 4% af heildarlaunum í séreignasjóð að vali forstjórans. Landsvirkjun leggi forstjóra til bifreið vegna starfsins og eru honum heimil hófleg einkanot af henni. Einnig leggi Landsvirkjun til tölvu, nettengingu, almennan síma og farsíma til eigin nota og greiði allan kostnað vegna notkunar. Forstjóri skuli láta af störfum eigi síðar en við 65 ára aldur. Hann skuli helga Landsvirkjun starfskrafta sína, en sé þó heimilt að vinna að tímabundnum verkefnum eða sitja í stjórnnum félaga, fyrirtækja eða stofnana enda komi það ekki niður á störfum forstjóra hjá Landsvirkjun. Þá segir að uppsagnarfrestur af hálfu stjórnar sé tólf mánuðir en sex mánuðir af hálfu forstjóra. Samningnum verði þó ekki sagt upp af hálfu stjórnar fyrr en 30. júní 2010.

Nýráðinn forstjóri Landsvirkjunar svaraði með bréfi dagsettu 13. nóvember 2009. Við ráðningu í starfið hefði honum verið heitið lágmarksstarfsöryggi og því verið sett ákvæði inn í ráðningarsamning þess efnis að ekki mætti segja samningnum upp af hálfu stjórnar fyrr en 30. júní 2010. Hann liti því svo á að stjórnin gæti fyrst sagt upp samningi við hann þegar ákvörðun kjararáðs lægi fyrir þó aldrei fyrr en 30. júní 2010 með tólf mánaða fyrirvara og gæti ákvörðun kjararáðs því ekki komið til framkvæmda fyrr en að uppsagnarfresti liðnum.

Svar fjármálaráðuneytisins barst í bréfi dagsettu 17. nóvember 2009. Í bréfinu sagði meðal annars að Landsvirkjun væri sameignarfélag í fullri eigu ríkisins og væri eðlilegt að kjararáð horfði til þess við ákvörðun á launakjörum forstjórans.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 kynnti kjararáð forstjóra Landsvirkjunar fyrirhugaðan úrskurð um almennar forsendur ákvörðunar um laun, svo og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið.

Forstjórinn sendi bréf dagsett 1. febrúar 2010. Í bréfinu sagði meðal annars að bréf kjararáðs og úrskurðardrög væru mjög ófullnægjandi. Fyrirhuguð ákvörðun um launakjör forstjórans væri ýmist illa eða alls ekki rökstudd og engin viðmiðunargögn hefðu fylgt bréfinu. Forstjóri Landsvirkjunar hefði þegar gengist undir 15% launalækkun og boðuð launaskerðing af hálfu kjararáðs fæli í sér 33% launaskerðingu frá því sem ráðningarsamningur gerði ráð fyrir. Ekki yrði séð við hverja kjararáð miðaði þegar laun forstjóra Landsvirkjunar væru ákveðin. Hann teldi eðlilegt að miðað væri við laun forstjóra annarra orkufyrirtækja. Forstjórinn gerði þá kröfu að viðmiðanir í þessu efni kæmu fram með skýrum hætti. Laun hans væru nú lægri en laun forstjóra fjármálafyrirtækja, tryggingafyrirtækja, orkufyrirtækja eða annarra fyrirtækja sem hefðu verið endurreist eftir hrun íslensku bankanna og væri umfang starfs og ábyrgð forstjóra meiri en hjá þessum fyrirtækjum. Sama ætti við um menntun og starfsreynslu forstjórans. Krafðist hann þess að fóst laun hans fyrir dagvinnu yrðu ákveðin 935 þúsund krónur og einingar 200 á mánuði. Ákvörðun kjararáðs um að fella niður bifreiðahlunnindi væri einnig mótmælt, sambærileg bifreiðahlunnindi við þau sem forstjóri Landsvirkjunar nyti nú væru mjög algeng hjá forstjórum þeirra fyrirtækja sem kjararáði bæri að horfa til. Þá mótmælti hann því að ákvörðun kjararáðs væri ætlað að taka gildi strax óháð ákvæðum í ráðningarsamningi um uppsagnarfrest. Hann liti svo á að hvorki samningnum í heild né einstökum atriðum yrði sagt upp fyrr en 30. júní 2010 með tólf mánaða uppsagnarfresti.

Kjararáð sendi forstjóranum bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör, þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð.

Bréf, dagsett 17. febrúar 2010, barst frá forstjóranum. Í bréfinu er vísað til framangreinds bréfs ásamt fylgiskjali með rökstuðningi fyrir boðaðri ákvörðun. Önnur gögn sem óskað hefði verið eftir hefðu ekki fylgt. Kjararáð bendir á að í fyrra bréfi hafði hann auk upplýsinga um viðmiðanir óskað eftir umsögnum sem borist hefðu, en gerð er grein fyrir þeim hér á undan.

Forstjórinn taldi að kjararáði bæri að starfa í samræmi við 8. gr. laga nr. 47/2006 þar sem eftirfarandi meginregla kæmi fram: *Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.* Mótmælti hann svohljóðandi túlkun kjararáðs sem fram kom í drögum að ákvörðun: *Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.* Eingöngu væri unnt að víkja þessu ákvæði til hliðar ef síðari tíma lagabreytingar felldu brott þessa grunnreglu eða vikju henni til hliðar með skýrum og ótvíræðum hætti, en það hefði ekki verið gert. Bæri að túlka allan vafa í lagatúlkunum einstaklingnum í hag en ekki í óhag og gæta jafnframt meðalhófs í ákvörðunum. Kjararáð hefði ekki nýtt það svigrúm sem löggin um kjararáð gæfu til þess að tryggja að laun forstjóra Landsvirkjunar tækju mið af launum fyrir sambærileg störf í þjóðfélaginu. Svigrúm til ákvörðunar dagvinnulauna væri ekki að fullu nýtt og bifreiðahlunnindi og lífeyrisréttindi væru talin hluti af dagvinnulaunum. Forstjórinn mótmælti því harðlega að störf hans og laun væru miðuð við störf og laun ríkisstarfsmanna, störfin væru fullkomleg ósambærileg varðandi eðli starfsins, umfang, starfsöryggi og persónulegar ábyrgðir. Ákveði kjararáð að víkja frá grunnreglunni um að laun forstjóra og framkvæmdastjóra fyrirtækja í eigu ríkisins, sem starfi á einkaréttarlegum grunni í samkeppnisumhverfi, skuli ekki (sic) vera sambærileg og hjá sambærilegum fyrirtækjum í landinu, kippi það stoðunum undan slíkum fyrirtækjum og geri þau annars flokks. Hann mótmælti stuttum andmælafresti og óskýrum og ófullnægjandi rökstuðningi kjararáðs. Það væri með öllu óskiljanlegt að ekki hefði áður komið fram á skýran hátt að kjararáð teldi að ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hefðu í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð, hvort virkilega hefði staðið til að greina aðilum ekki frá slíkum sjónarmiðum. Kjararáð virtist því miður telja sér skylt að eigin frumkvæði að lækka laun skipulega í þágu ríkisins án þess að gæta tilhlýðilega að réttindum þeirra einstaklinga sem í hlut ættu og túlka alla lagalega óvissu ríkinu í hag. Ekki sé í drögum að ákvörðun vikið frekar að uppsagnarákvæðum ráðningarsamnings forstjóra Landsvirkjunar. Forstjórinn áskildi sér að lokum rétt til að láta reyna í heild á fyrirhugaða ákvörðun kjararáðs.

### III.

Um Landsvirkjun gilda lög nr. 42/1983. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. og á Eignarhluti ehf. 0,1% eignarhluta og ríkissjóður 99,9%. Hvor eigandi fyrir sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins í hlutfalli við eignarhluta. Eignarhluti ehf. er í fullri eigu ríkisins og einungis stofnað í þeim tilgangi að fullnægja kröfum um tvo sameigendur að lágmarki í sameignarfélagi. Ríkissjóður ber því alla ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Fjármálaráðherra skipar fimm manna stjórn Landsvirkjunar á aðalfundi fyrirtækisins. Stjórnin ræður forstjóra. Stjórn Landsvirkjunar fer með málefni fyrirtækisins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins. Forstjóri annast daglegan rekstur og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn nema ekki sé unnt að biða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og

meðferð fjármuna fyrirtækisins. Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Fari nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þarf Landsvirkjun að leita samþykkis fjármálaráðherra.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Landsvirkjun er stærsta raforkufyrirtæki landsins og hafði þar til fyrir fáum árum einkarétt á byggingu og rekstri stórra raforkuvera og er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Fyrirtækið sinnir nauðsynlegri grunnþjónustu og gegnir grundvallarhlutverki fyrir allan atvinnurekstur og orkufrekan iðnað sérstaklega. Við ákvörðun mánaðarlauna forstjórans, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð tekið mið af mánaðarlaunum ráðuneytisstjóra, en þeir eru í launaflokki 141. Þá hefur kjararáð við ákvörðun eininga gætt meðalhófssjónarmiða

til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félaga í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Kjararáð hefur fjallað um greiðslu fyrir setu í stjórn dótturfélags Landsvirkjunar, Landsvirkjun Power ehf., og er niðurstaða ráðsins að um sé að ræða hluta af aðalstarfi sem ekki beri að launa sérstaklega. Þá skuli önnur laun forstjóra fyrir setu í stjórnnum og nefndum á vegum fyrirtækisins, þar á meðal stjórn Samorku, renna til fyrirtækisins.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun forstjóra Landsvirkjunar vera samkvæmt launaflokki 502-141, nú 833.752 krónur. Að auki skal greiða honum 100 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Kjósi forstjórinn að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili forstjóra skulu dragast frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Seta í stjórn Landsvirkjunar Power ehf. er hluti af aðalstarfi og ber ekki að launa sérstaklega.

Laun fyrir setu forstjóra í stjórn Samorku skulu renna til Landsvirkjunar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Landsvirkjunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.  
Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi forstjóra Landsvirkjunar.

---

Guðrún Zoëga

---

Jakob R. Möller

---

Jónas Þór Guðmundsson